



Hvað breytist á næstu mánuðum

Frá 1. júlí 2009 breytist almenn sorphirða úr 10 daga hirðingu í 14 daga hirðingu. Á það bæði við um dreifbýli og þéttbýli.

Íbúum stendur til boða að fá endurvinnslutunnu við heimili sitt og er hún losuð einu sinni í mánuði. Greiða þarf fyrir það ½ gjald sem í dag er 495 krónur á mánuði fyrir endurvinnslutunnuna. Pöntunarsími er 893 3858 og á www.gamar.is og www.endurvinnslutunnun.is

Fjölgað verður möguleikum í flokkun úrgangs í Draugagili sem fer til endurvinnslu. Helstu nýjungar eru að flokka dagblöð, fernur og bylgjupappa.

Ný endurvinnslustöð við Efstubraut verður opnuð á haustmánuðum. Þar verður gengið enn lengra í flokkun úrgangs og allir flokkar sem bera skilagjöld verða þar flokkaðir og sendir í endurvinnslu.

Hafist verður handa við söfnun á jarðgerðarúrgangi í sumar á svæði við Draugagil. Ætlunin er að nýta jarðveginn til ræktunar í bænum í framtíðinni.

Stefnt er að því að nýtt sameiginlegt urðunarsvæði fyrir Norðvesturland verði tekið í gagnið á næstu mánuðum.

Endilega hafið samband til að fá frekari upplýsingar eða til að senda góðar hugmyndir.

Netfang er sorpyh@simnet.is

Með kveðju og von um ánægjulegt samstarf á komandi árum.

Tæknideild Blönduósbæjar og Sorphreinsun VH ehf.

Endurvinnsla á Blönduósi

Setjum endurvinnslu í fyrsta sæti



Blönduóssbær og Sorphreinsun VH ehf. hafa tekið höndum saman um að efla alla endurvinnslu á úrgangi sem til fellur á Blönduósi. Miklar breytingar eru fyrirhugaðar á næstu mánuðum en sveitarfélög verða að minnka þann úrgang sem til fellur og hefur verið urðaður. Til að ná þeim árangri verða bæði heimili og fyrirtæki að standa saman til að halda kostnaði við úrgangsmál í lágmarki.

Endurvinnslustöðin í Draugagili á Blönduósi

Umsjón er í höndum Sorphreinsunar VH ehf. s: 893 3858
Móttaka á efni til endurvinnslu og förgunar:

Pressanlegt, almennt sorp

Pressað til urðunar í Draugagili

Dagblöð og tímarit

Flutt í **flokkunarstöð Sorphreinsunar** VH ehf. á Skagaströnd og flutt þaðan úr landi til endurvinnslu.

Bylgjupappi

Fluttur í **flokkunarstöð Sorphreinsunar** VH ehf. á Skagaströnd og flutt þaðan úr landi til endurvinnslu.

Fernur

Fluttar í **flokkunarstöð Sorphreinsunar** VH ehf. á Skagaströnd og flutt þaðan úr landi til endurvinnslu.

Dekk

Flutt í **flokkunarstöð Gámaþjónustunnar** við Berghellu í Hafnarfirði og flutt þaðan úr landi til endurvinnslu.

Heyrúlluplast

Flutt í **flokkunarstöð Gámaþjónustunnar** við Berghellu í Hafnarfirði og flutt þaðan úr landi til endurvinnslu.

Timbur

Kurlað í Draugagili og notað sem þurrefni í lífræna endurvinnslu ofl.

Málmar

Fluttir á svæði Hringrásar á Skagaströnd og þaðan úr landi til endurvinnslu.

Spilliefni s.s. rafhlöður og rafgeymar

Flutt til **Efnamóttökunnar í Gufunesi**.

Garðaúrgangur

Garðaúrgangur er jarðgerður í Draugagili.

